

INNLENT

Telur dapurlegt að höfða þurfi dómsmál vegna spilakassa

Jóhann Óli Eirsson skrifar 7. september 2016 07:00

Líkar þetta 0



Guðlaugur Jakob Karlsson hefur stefnt öllum sem reka spilakassa. Málið verður tekið fyrir í þessum mánuði.

VÍSIR/ANTON BRINK

Þingmenn sem Fréttablaðið heyrði í eru sammála um að skerpa þurfi á ramma um starfsemi happdrættiskassa hérlendis. Þeir eru hins vegar ekki á eitt sáttir um hvaða leið sé best í þeim efnum.





Ögmundur Jónasson

Á forsíðu Fréttablaðsins í gær var sagt frá því að Guðlaugur Jakob Karlsson hefur stefnt íslenska ríkinu og öllum þeim aðilum sem reka spílakassa í skjóli hins opinbera. Guðlaugur fer fram á að fá 77 milljónir króna í skaðabætur vegna tjóns sem hann hafi orðið fyrir. Auk þess krefst hann þess að fá endurgreiddar 24 milljónir króna en Guðlaugur hefur geymt kvittanir sem sýna að hann hafi spílað fyrir þessa upphæð í spílakössum hér á landi.

„Ég fagna því mjög að þetta mál sé farið í gang og ég tek ofan fyrir einstaklingnum sem þarna sýnir frumkvæði með því að höfða þetta mál,“ segir Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna. Hann segir það dapra staðreynd að höfða þurfi dómsmál vegna þessa en það endurspeglar framtaksleysi stjórnvalda og Alþingis í þessum efnum.

Happdrættisstofu dagaði uppi

Ögmundur lagði fram frumvarp um breytingar á lögum um happdrætti í nóvember 2012, þegar hann gegndi embætti innanríkisráðherra. Markmið laganna var að koma á fót sérstakri stofnun, Happdrættisstofu, sem annaðist leyfisveitingar og eftirlit með starfsemi happdrættis hér á landi. Í frumvarpinu var einnig að finna bann við greiðsluþjónustu við happdrættisfyrirtæki sem ekki höfðu hlotið starfsleyfi hér á landi.

„Mér þótti mjög miður að tilraun mín til að koma þessum málaflokki í uppbyggilegri farveg hlyti ekki brautargengi í þinginu. Að höfða dómsmál er sennilega eina lausnin sem stendur og í samræmi við þá þróun sem við sjáum í öðrum löndum,“ segir Ögmundur.



Willum Þór Þórsson.

Spilahallir skapi ramma

Willum Þór Þórsson, þingmaður Framsóknarflokksins, vildi ekki tjá sig sérstaklega um dómsmálið. Að hans mati vantar almenna heildstæða löggjöf um spilastarfsemi. Til að bæta úr því lagði hann fram frumvarp um spilahallir sem nú er í meðferð þingsins. Í því felst að unnt verði að reka spilahallir hér á landi, aldurstakmark í þær verði 21 ár og komi upp grunur um spilafíkn hvíli sú skylda á spilahöllinni að tilkynna viðskiptavininum um meðferðarúrræði.

„Sem stendur eru úrræði og eftirlit með slíkri starfsemi af skornum skammti. Kjarninn með frumvarpi mínu er að heimila slíka starfsemi á grundvelli leyfisveitinga og að hafa opinbert eftirlit með spilahöllunum,“ segir Willum.

Að mati Ögmundar er frumvarp Willums „fullkomlega galin hugsun“ en þrátt fyrir það segir Willum að í því og frumvarpi Ögmundar um Happdrættisstofu sé að finna svipaðan rauðan þráð um eftirlit og leyfis skyldu tengda starfseminni. Bæði frumvörpin miði að því að takast á við þann samfélagsvanda sem spilafíkn er.

Þessi frétt birtist fyrst í Fréttablaðinu.

Velkomin á Vísí. Þessi vefur notar vafrakökur. [Sjá nánar.](#)